

**Nr. 159/10 Gestur Kristinsson ÍS 333****Leki kemur að bátnum**

Skipaskr.nr. 2631  
Smíðaður: Akranesi 2004 plast  
Stærð: 11,4 brl. 14,6 bt.  
Mesta lengd: 10,98 m Skráð lengd: 10,96 m  
Breidd: 3,91 m Dýpt: 1,63 m  
Vél: Yanmar 314 kW, 2004  
Fjöldi skipverja: 2



Gestur Kristinsson ©Alfons Finnsson

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 27. maí 2011 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 28. desember 2010 var Gestur Kristinsson ÍS 333 að línuveiðum um 8 sml norður af Deild í Ísafjarðardjúpi; Veður SV 8-10 m/sek.

Verið var að draga línuna þegar skipstjóri veitti því athygli að hitalykt lagði úr stýrishúsi og einnig að hljóðbreyting hafði orðið frá bógskrúfu. Þegar hann kom niður í lúkar sá hann að leki var kominn að bógskrúfurýminu inn með festingum bógskrúfudrifsins. Hann lét þá þegar hætta drætti, setja færi með belg á línuna sem enn var í sjó, ræsti lensidælur og hélt til lands. Þegar báturinn komst upp á plan minnkaði lekinn til muna og hafði þá lensidælan undan lekanum.

Eftir að komið var til Suðureyrar var báturinn strax tekinn á land og við skoðun á skemmdum sást að báðir boltarnir sem festa drifið og drifmótorinn hafði losnað. Einnig var kominn skemmd í eitt skrúfublað á hvorri skrúfu.

**Við rannsókn kom fram:**

- að búnaðurinn var af Sleipner gerð SP 220HYD með tveimur fjögurra blaða skrúfum í 250 mm röri;
- að svipuð skemmd var á báðum skrúfublöðunum sennilega eftir aðskotahlut sem ekki var inni í rörinu þegar báturinn var kominn á land;
- að skrúfurnar höfðu skafið rörið að innan þegar drifhausinn losnaði, hékk á driföxlinum og féll því ekki niður í rörið;

- að annar festiboltinn hafði brotnað en hinn skrúfast úr. Þetta voru 10 mm ryðfrír sexkant Umbarco (M10x50) boltar sem ganga í gegnum stétt mótorsins, rörbilið og skrúfast í háls drifhaussins sem er úr koparblöndu;
- að þar sem öxultengið, sem er sveigjutengi, fór ekki í sundur lak ekki að fullu um öxulgatið í rörbilinu en gatið er Ø46 mm og var lekinn því eingöngu um boltagötin tvö (Ø11 mm) og meðfram öxlinum;
- að viðgerðarmaður sem kom að viðgerð búnaðarins taldi að eitthvað hefði lent í skrúfunni því ummerki á skrúfublöðunum hafi verið þess eðlis og valdið titring sem losaði boltana. Þegar los kom á drifhausinn hafi skrúfurnar farið að strjúkast utan í og þegar annar boltinn varð laus hafi hinn brotnað þar sem sveigja hafi þá komið á festingarnar;
- að viðgerðarmaðurinn taldi að kítisfilman sem var á sæti drifhaussins og mótorsætisins hafi verið þunn og því ekki ástæða til að ætla að kítitið hafi orsakað hreyfingu. Það hafi ekki verið krossloki á kerfinu eins og á að vera og hann sagðist hafa sett þann búnað í og stillt hann á 215 bör yfir í bakfallið. Hann hafi hreinsað vel upp sætið á rörinu beggja megin til að límkítitið (Sikaflex) fengi góða festu og sett kítistaum samkvæmt ráðleggingum framleiðanda. Sett var gengjulím í gengjur drifhaussins og á boltagengjurnar. Hert var rólega á boltunum og þar sem plastið er fremur mjúkt efni tók hann átta herslur til að ná upp í 33 Nm og fullvíst var að plastefnið þjappaðist ekki meira við þessa herslu;
- að viðgerðarmaður taldi að um 1.300 lítrar af austri hafi verið í bátnum þegar hann var hífður á land samkvæmt vigt á krana. Hann benti á nauðsyn þess að loka eins og hægt er bógskrúfurými til að fyrirbyggja hættu og tjón sem verður vegna leka. Það ætti að vera hægt með auðveldum hætti að hans álit.

### ***Nefndarálit:***

Orsök óhappsins má rekja til þess að aðskotahlutur kom í skrúfurnar og við titring vegna þessa kom los á búnaðinn.

*Sjá hliðstætt mál nr. 135/09.*

### ***Sérstakar ábendingar:***

Nefndin beinir því til útgerðarmanna og vélstjóra að fullvíst sé að öryggisbúnaður sem framleiðendur krefjast við hliðarskrúfur hafi verið settur við og að hann sé rétt stilltur.

Nefndin beinir því til útgerðamanna að láta loka bógskrúfurými frá öðru rými í framskipi þó reglugerðir krefjist þess ekki í minni skipum.